

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 66/2018

2020/EES/6/32

frá 23. mars 2018

um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn (Flutningastarfsemi)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/334 frá 27. febrúar 2017 um leiðréttingu á búlgörsku, hollensku, eistnesku og þýsku útgáfunni af reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við á eftir lið 66q (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1321/2014) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„— **32017 R 0334:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/334 frá 27. febrúar 2017 (Stjtið. ESB L 50, 28.2.2017, bls. 13).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2017/334, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. mars 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. mars 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 50, 28.2.2017, bls. 13.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.